

Ferðamálastofa
04 551

Ársreikningur 2020

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Ferðamálastofa
kt. 530169-4059
Geirsgötu 9, 101 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Ferðamálastofa er ríkisaðili í A-hluta, starfsemi stofnunarinnar felst í því að fara með framkvæmd ferðamála samkvæmt lögum, sinna lögbundnu eftirliti og daglegri stjórnslu á því sviði sem löggin ná til og stuðla að þróun ferðamála sem atvinnugreinar. Framkvæmdasjóður ferðamannastaða er í vörslu Ferðamálastofu. Samkvæmt lögum nr. 75/2011 um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða er markmið og hlutverk sjóðsins að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða sem eru í eigu eða umsjón sveitarfélaga og einkaaðila um land allt. Þá skal með fjármagni úr sjóðnum leitast við að tryggja öryggi ferðamanna og vernda náttúru landsins. Einnig er sjóðnum ætlað að fjölga viðkomustöðum ferðafólks til að draga úr álagi á fjölsóttu ferðamannastaði.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 14 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2020 var ársveltan kr. 801,5 milljónir og afkoma kr. -45,6 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 16,9 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 200,2 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2020 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Ferðamálastofu í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Ferðamálastofu fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Skarphéðinn Berg Steinarsson,
ferðamálastjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	757.370.863	679.100.000
Seld þjónusta	3	8.579.900	8.480.118
Framlög og ýmsar tekjur	4	32.540.795	58.409.466
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	3.022.761	2.648.252
Tekjur samtals		801.514.319	748.637.836
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	273.649.489	248.633.036
Framlög og tilfærslur	6	256.696.795	284.653.614
Annar rekstrarkostnaður	7	313.941.671	142.284.188
Afskriftir	8	3.022.761	2.648.252
Gjöld samtals		847.310.716	678.219.090
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(45.796.397)	70.418.746
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		261.232	58.923
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(64.530)	(169.207)
		196.702	(110.284)
Afkoma ársins		(45.599.695)	70.308.462
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	(26.873.763)	191.262.076
Rekstrartilfærslur		(18.725.932)	(120.953.614)
		(45.599.695)	70.308.462

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2020

	Skýr	31.12.2020	31.12.2019
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður		23.496.535	11.503.522
		<u>23.496.535</u>	<u>11.503.522</u>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í öðrum félögum	10	540.720	540.720
		<u>540.720</u>	<u>540.720</u>
		<u>24.037.255</u>	<u>12.044.242</u>
Fastafjármunir samtals			
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		911.376	1.568.538
Tengdir aðilar	11	172.661.994	151.391.441
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		1.495.508	1.903.075
Handbært fé	12	1.136.104	987.922
		<u>176.204.982</u>	<u>155.850.976</u>
Veltufjármunir samtals			
Eignir samtals		<u>200.242.237</u>	<u>167.895.218</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	13		
Hrein eign		16.909.020	62.508.715
		<u>16.909.020</u>	<u>62.508.715</u>
Eigið fé samtals			
Skuldir			
Tengdir aðilar	11	63.495.821	25.092.764
Viðskiptaskuldir		51.162.073	13.631.737
Ýmsar skammtímaskuldir	14	58.131.643	54.695.561
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	15	10.543.680	11.966.441
		<u>183.333.217</u>	<u>105.386.503</u>
Skuldir samtals			
Eigið fé og skuldir samtals		<u>200.242.237</u>	<u>167.895.218</u>
Aðrar upplýsingar	16		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2020

	Skýr	2020	2019
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(45.599.695)	70.308.462
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	8	3.022.761	2.648.252
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(3.022.761)	(2.648.252)
		<u>(45.599.695)</u>	<u>70.308.462</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		1.064.729	(707.731)
Tengdir aðilar		3.716.730	(83.726.715)
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		40.966.418	11.180.910
		<u>45.747.877</u>	<u>(73.253.536)</u>
		<u>148.182</u>	<u>(2.945.074)</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	(15.015.774)	(4.543.442)
		<u>(15.015.774)</u>	<u>(4.543.442)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		13.415.774	0
Fjárfestingarframlag		1.600.000	4.543.442
		<u>15.015.774</u>	<u>4.543.442</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		148.182	(2.945.074)
		<u>987.922</u>	<u>3.932.996</u>
		<u>1.136.104</u>	<u>987.922</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisýfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bóku stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2020	2019
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	757.370.863	679.100.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	3.022.761	2.648.252
	<u>760.393.624</u>	<u>681.748.252</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	519.400.000	155.000.000	0	674.400.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	0	82.970.863	0	82.970.863
Fjárveiting til tekna	519.400.000	237.970.863	0	757.370.863
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	(546.273.763)	(256.696.795)	0	(802.970.558)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(26.873.763)	(18.725.932)	0	(45.599.695)

	2020	2019
3 Seld þjónusta		
Ýmsar þjónustutekjur	8.579.900	8.480.118
	<u>8.579.900</u>	<u>8.480.118</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	24.800.000	33.547.552
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	2.467.101	24.394.552
Ýmsar tekjur	5.273.694	467.362
	<u>32.540.795</u>	<u>58.409.466</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	212.657.388	197.982.690
Orlof, breyting	10.607.904	2.706.017
Launatengd gjöld	48.131.972	45.052.370
Starfsmannakostnaður	2.252.225	2.891.959
	<u>273.649.489</u>	<u>248.633.036</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	21,5	20,6

6 Framlög og tilfærslur

Rekstrartilfærslur til ríkisaðila í A-hluta	45.000.000	21.928.260
Rekstrartilfærslur aðrir	211.696.795	262.725.354
	<u>256.696.795</u>	<u>284.653.614</u>

Skýringar

	2020	2019
7 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	948.676	859.850
Byggingarvörur, almennar	0	393.160
Tæki og búnaður til innréttinga	6.000	0
Ýmis tæki og áhöld	1.769.995	3.368.883
Orkugjafar	339.354	469.461
Matvæli	4.271.399	4.594.829
Almennar rekstrarvörur	407.905	1.305.840
Vörukaup, almenn	7.743.329	10.992.023
Ýmsar sérgreindar vörur	0	16.586
Vörukaup, sérgreind	0	16.586
Fundur, námskeið, risna	3.861.972	6.606.640
Ferðir, uppihald	4.669.618	8.586.194
Akstur	1.087.528	1.545.816
Sérfræðiþjónusta	188.759.101	45.587.759
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	263.651	207.084
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	49.059.695	1.899.563
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	748.706	897.241
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	248.450.271	65.330.297
Samningsbundin kaup og leiga	52.171	0
Afnotagjöld	20.819.570	12.738.001
Leigugjöld	13.557.316	12.966.586
Notkun véla og flutningatækja	0	122.500
Verkkaup	3.958.437	18.854.794
Kostnaðarhlutdeild	19.307.677	21.256.774
Tryggingar, lögboðnar	0	6.627
Opinber gjöld	52.900	0
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	57.748.071	65.945.282
Annar rekstrarkostnaður samtals	313.941.671	142.284.188
8 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	2.983.434	2.648.252
Sölutap og úreltar eignir	39.327	0
	3.022.761	2.648.252

Skýringar

9 Varanlegir rekstrarfjármunir

	31.12.2020	31.12.2019
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	23.496.535	11.503.522
	<u>23.496.535</u>	<u>11.503.522</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2020:

	Áhöld, tæki og búnaður
Staða 1.1.2020	24.480.343
Viðbætur á árinu	15.015.774
Selt/niðurfært á árinu	<u>(5.726.483)</u>
	33.769.634
Afskriftir 1.1.2020	12.976.821
Selt/niðurfært á árinu	(5.687.156)
Afskrift ársins	<u>2.983.434</u>
	10.273.099
Staða 31.12.2020	<u>23.496.535</u>

10 Eignarhlutir í öðrum félögum

	Eignarhlutur	Nafnverð	Matsverð
<u>Eignarhlutir ríkissjóðs undir 20% (kostnaðarverðsaðferð):</u>			
Austurbrú	3%	50.000	50.000
Scandinavian Tourism, Inc		490.720	490.720
		<u>540.720</u>	<u>540.720</u>

Eignarhlutir í öðrum félögum eru metnir með hlutdeildaraðferð ef eignarhlutur ríkissjóðs í heild er yfir 20% annars eru þeir metnir á kostnaðarverði. Metið virði eignarhluta í sjálfseignarstofnunum er 0 kr. ef framlög til þeirra renna ekki til ríkisins eða stofnana þess við slít, heldur til annarra málefna en annars á kostnaðarverði.

11 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	172.661.994	151.391.441
	<u>172.661.994</u>	<u>151.391.441</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	63.495.821	25.092.764
	<u>63.495.821</u>	<u>25.092.764</u>

12 Handbært fé

Tékkareikningar	4.951	4.929
Gjaldeyrisreikningar í innlendum innlánsstofnunum	1.131.153	982.993
	<u>1.136.104</u>	<u>987.922</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 205,8 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

Skýringar

13 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

	31.12.2020	31.12.2019
Hrein eign		
Jöfnuður 1.1.	62.508.715	(7.799.747)
Afkoma ársins	(45.599.695)	70.308.462
Jöfnuður 31.12.	16.909.020	62.508.715

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

	31.12.2020	31.12.2019
14 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	36.854.405	26.246.501
Ógreidd laun	0	580.141
Önnur ógreidd gjöld	21.277.238	27.868.919
	58.131.643	54.695.561

15 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2020	31.12.2019
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	23.496.535	11.503.522
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (Umframráðstafað til fjárfestinga)	(12.952.855)	462.919
	10.543.680	11.966.441

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2020	11.503.522	462.919	11.966.441
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	1.600.000	1.600.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	15.015.774	(15.015.774)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(3.022.761)	0	(3.022.761)
	23.496.535	(12.952.855)	10.543.680

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2020 munu kr. 3,9 milljónir koma til tekna á árinu 2021.

Skýringar

16 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi húsaleigusamninga til ársins 2029, árlega greiðslur vegna þeirra nema kr. 11,5 milljónir. Árlegar greiðslur vegna styrktar- og samstarfssamninga nema kr. 23,7 milljónum. Stofnunin er með skuldbindandi rekstrar- og þjónustusamninga við Isavia ohf, árlegar greiðslur vegna þeirra nema kr. 9,5 milljónum og vegna annara samninga eru árlegar greiðslur kr. 48,7 milljónir.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2020.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.